REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 559/1988, orðist svo:
Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að1000	68.079	2800 – 2999	111.914
1000 –1999	87.020	3000 – 3199	116.893
2000 –2199	91.999	3200 – 3399	121.872
2200 – 2399	96.978	3400 – 3599	126.850
2400 –2599	101.956	3600 – 3799	131.829
2600 –2799	106.935	3800 – 3999	136.808

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.	Eigin þyngd bifreiðar kg	Þungaskattur kr.
Allt að 1000	88.502	2800 – 2999	145.488
1000 –1999	113.126	3000 – 3199	151.960
2000 –2199	119.598	3200 – 3399	158.433
2200 –2399	125.995	3400 – 3599	164.905
2400 –2599	132.543	3600 – 3799	171.378
2600 –2799	139.015	3800 – 3999	177.850

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 559/1988, orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.	Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn	Gjald fyrir hvern ekinn km, kr.
4,0 – 4,9	4,67	15,0 – 15,9	9,93
5,0 – 5,9	4,97	16,0 – 16,9	10,71
6,0 – 6,9	5,37	17,0 – 17,9	11,49
7,0 – 7,9	5,63	18,0 – 18,9	12,19
8,0 – 8,9	5,88	19,0 – 19,9	13,12
9,0 – 9,9	6,15	20,0 – 20,9	13,81
10,0 – 10,9	6,52	21,0 – 21,9	14,61
11,0 – 11,9	6,76	22,0 – 22,9	15,54
12,0 – 12,9	7,61	23,0 – 23,9	16,28
13,0 – 13,9	8,34	24,0 – 24,9	17,01
14,0 – 14,9	9,22	25,0 og þyngri	17,84

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1990.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó eigi gildi fyrr en að loknu 1. álesturstímabili en því lýkur á tímabilinu 20 janúar til 10. febrúar 1990, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1989.

Ólafur Ragnar Grímsson.

Snorri Olsen.

Nr. 637 29. desember 1989

REGLUGERÐ

um endurgreiðslu vegna virðisaukaskatts af matvöru o.fl.

1. gr.

Upphafsákvæði.

Endurgreiða skal afurðastöðvum og fiskverslunum hluta virðisaukaskatts af neyslumjólk, kindakjöti, neyslufiski og fersku innlendu grænmeti eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð þessari.

Endurgreiðslan miðast við að samtals virðisaukaskattur af matvöru, er endurgreiðsla tekur til, verði á smásölustigi að teknu tilliti til endurgreiðslunnar sem næst 14% í stað 24,5%.

2. gr.

Matvara sem endurgreiðsla tekur til.

Eftirtalin matvara fellur undir endurgreiðsluákvæði reglugerðar þessarar:

1. Nýmjólk, G-mjólk, léttmjólk og undanrenna.
2. Kindakjöt í heilum og hálfum skrokkum sem sláturleyfishafi selur til neyslu eða frekari vinnslu innanlands.
3. Ýsa, þorskur, ufsi, steinbítur, karfi, langa, keila, lúða, koli, skata, skötuselur, rauðmagi og grásleppa, sem fiskheildsalar eða eftir atvikum smásalar með fisk kaupa nýjan, saltaðan, reyktan eða siginn til endursölu eða frekari vinnslu innanlands.
4. Ferskt innlent grænmeti, þ.m.t. ferskir innlendir garðávextir.

3. gr.

Aðilar sem fá endurgreiðslu.

Eftirtaldir aðilar fá endurgreiðslu samkvæmt reglugerð þessari, enda selji þeir matvöru sem um ræðir í 2. gr.:

1. Afurða- eða vinnslustöðvar í mjólkuriðnaði (mjólkurbú).
2. Sláturleyfishafar, sbr. lög nr. 30/1966.
3. Heildverslanir með fisk sem kaupa óunninn fisk beint af fiskmarkaði, frá fiskvinnslufyrirtæki eða útgerðaraðila. Fisksalar (smásalar) og matvöruverslanir, sem m.a. selja fisk í smásölu, fá þó endurgreiðslu ef þessir aðilar kaupa óunninn fisk beint af fiskmarkaði, frá fiskvinnslufyrirtæki eða útgerðaraðila, en ekki af heildverslun.